

breytingar á þeim lögum og skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 6. nóvember 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

10. nóvember 1974.

Nr. 334.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er hér með ákveðið, að bifreiðastöður skuli vera bannaðar á Selvogsgötu frá Suðurgötu, 10 metra upp fyrir Brekkugötu og nær bannið til beggja hliða götunnar.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. nóv. 1974.
Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 10. nóvember 1974.

Einar Ingimundarson.

11. nóvember 1974.

Nr. 335.

AUGLÝSING

um umferð í Húsavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Húsavíkur, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur til vesturs verður um Höfðaveg frá Héðinsbraut að Laugarbrekku. Akstur vörubifreiða bannaður.
2. Einstefnuakstur til norðurs verður um Túngötu frá Uppsalavegi að Árgötu. Akstur vörubifreiða bannaður.
3. Einstefnuakstur verður um Uppsalaveg frá Garðarsbraut að Baughól.
4. Bifreiðastöður vestan Garðarsbrautar frá húsinu nr. 6 að húsinu nr. 10 verða takmarkaðar við 30 mínútur.
5. Stöðvunarskylda verður við eftirfarandi gatnamót:
 - a) Á Hjarðarhól við Garðarsbraut.
 - b) Á Árgötu við Garðarsbraut.
 - c) Á Vallholtsvegi við Garðarsbraut.
 - d) Á Baldursbrekku við Héðinsbraut.
6. Eftirfarandi götur hafa aðalbrautarrétt: Uppsalavegur af Holtagerði, **Baughóll** af Uppsalavegi, Álhóli og Hjarðarhóli, **Fossvellir** af Baughól, Sólvöllum, **Iðavöllum** og Brávöllum, **Mararbraut** af ónefndri götu við Múla s/f og af Upp-

salavegi, Árgata af Túngötu, Ásgarðsvegur af Skólagarði, Miðgarður af Ketilsbraut, Stórigarður af Miðgarði og Ketilsbraut, Vallholtsvegur af Ketilsbraut, Laugarbrekka af Höfðavegi og Höfða, Höfðabrekka af Háhöfða, Höfðavegur af Höfðabrekku og Sólbrekku, Garðarsbraut af ónefndri götu við Múla s/f, Uppsala­vegi, Fossvöllum, Ásgarðsvegi, Árgili, Miðgarði og Stóragarði, Hédi­nsbraut af Laugarbrekku og Höfðabrekku. Verða sett biðskýldumerki við öll vegamót við þessar götur.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Húsavík, 11. nóvember 1974.

Sigurður Gizurarson.

AUGLÝSING

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

Samkvæmt 2. tölulið 4. gr. reglugerðar nr. 107 30. maí 1974, er sjúkrasamlögum heimilt að greiða samkvæmt ákvæðum 3. greinar reglugerðarinnar, sérlyfið Cyklokapron töflur Kabi, sem er óskráð sérlyf, en notað samkvæmt sérstakri heimild.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. nóvember 1974.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Almar Grimsson.

REGLUR

um viðbótarritlaun.

1. gr.

Reglur þessar fjalla um úthlutun 12 millj. kr. fjárveitingar samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1974 til íslenskra rithöfunda og höfunda fræðiritna.

2. gr.

Úthlutun miðast við ritverk útgefið eða flutt opinberlega á árinu 1973. Auglýst skal eftir upplýsingum frá höfundum um verk þeirra á þessu tímabili.